



Félag löggiltra endurskoðenda

Skattanámskeið Vefst virðisaukaskatturinn fyrir þér?

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Soffía Eydís Björgvinsdóttir, hdl. og Helgi Már Jósefsson, hdl. frá KPMG ehf.
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Þriðjudaginn 11. desember 2012 kl. 9:00 – 12:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum skatta- og félagaréttur
Verð:	Kr. 16.500- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 21.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 16:00 - 10. desember

Námskeiðslýsing:

Fyrri hluti:

Fjallað verður um þegar lög og reglur um virðisaukaskatt geta verið óheppilegar eða jafnvel skaðlegar fyrir atvinnulífið. Ýmis álitamál vakna þegar löggjöfin er úrelt og ekki í takti við nútíma samfélag og rekstur fyrirtækja, hvort sem þau eru stór eða smá. Sem dæmi má nefna VSK í fjármálastarfsemi, ferðapjónustu, fasteignarekstri, hugbúnaðarstarfsemi og rafrænni þjónustu. Farið verður yfir þessi álitamál og mögulegar úrlausnir, m.a. komið inn á tülkanir skattfyrvalda og dómaframkvæmd.

Seinni hluti:

Kynntar verða nýlegar breytingar á skattframtali rekstraraðila er lúta að utanumhaldi á virðisaukaskattskvöðum fasteigna og lausafjár. Fjallað verður stuttlega um þær reglur sem gilda um slíkar kvaðir og þær skyldur sem hvíla á rekstraraðilum vegna þeirra.

Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- Þekkja helstu álitamálin sem eru uppi í dag í virðisaukaskatti, hvaða hættur eru fyrir hendi og hvernig er best að forðast þær.
- Kunna skil á þeim reglum sem gilda um virðisaukaskattskvaðir og hvernig ber að gera grein fyrir þeim í skattframtali rekstraraðila.

Um leiðbeinendur



Soffía Eydís Björgvinsdóttir, hdl. og partner hjá KPMG ehf.

Útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands í febrúar 1997 og hdl. frá 2005. Sérfræðingur hjá Skattstjóranum í Reykjavík 1997 og síðar deildarstjóri hjá Skattstjóranum í Reykjanesumdæmi frá 1999. Hóf störf á skattasviði KPMG árið 2003 og varð partner á skatta- og lögfræðisviði KPMG árið 2010. Soffía Eydís hefur verið stundakennari við Lagadeild Háskólans á Bifröst og við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Helgi Már Jósefsson, hdl. og Senior Manager hjá KPMG ehf.

Útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík í júní 2009 og hdl. frá 2010. Hóf störf á skattasviði KPMG árið 2007 og varð verkefnastjóri á skatta- og lögfræðisviði KPMG árið 2012. Helgi Már hefur verið stundakennari við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.



